

## Svar

### fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Gunnari Braga Sveinssyni um fjölda starfsmanna ráðuneyta og stofnana sem láta af störfum fyrir aldurs sakir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu margir starfsmenn ráðuneyta og stofnana þeirra láta af störfum fyrir aldurs sakir á árunum 2020, 2021 og 2022 miðað við gildandi reglur um starfslok vegna aldurs? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er kveðið á um 70 ára aldurshámark starfsmanna ríkisins. Aftur á móti getur starfsfólk að jafnaði hafið töku eftirlauna úr lífeyrissjóði hvenær sem er frá 60 ára aldri þó að skilyrði til töku þeirra séu breytileg eftir sjóðum. Algengasti viðmiðunaráldur fyrir töku eftirlauna úr lífeyrissjóði er við 67 ára aldur.

Fram til ársins 2022 munu 726 starfsmenn, eða 3,2% af heildarfjölda, ná 70 ára aldri. Að sama skapi eru nú starfandi 1.992 starfsmenn, eða 8,7%, sem eru eða verða 67 ára eða eldri fram til ársins 2022. Fjöldi stöðugilda er nokkru færri enda er vel þekkt að starfsfólk sem nálgast eftirlaun sinni hlutastarfi í aðdraganda starfsloka. Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda ríkisstarfsmanna sem munu ná a.m.k. 60 ára aldri á árunum frá 2020 til 2022 og eiga þar með kost á hefja töku eftirlauna á tímabilinu.

Miðað er við upplýsingar úr Orra, mannauðskerfi ríkisins, og miðað við árslok 2019. Yfirlitið sýnir fjölda kennitalna, raðað eftir aldri og fæðingarári, og sýnir fjölda starfsmanna sem er á bilinu 60 til 70 ára á næstu þremur árum. Í árslok 2019 voru um 22 þúsund starfsmenn í 18.090 stöðugildum í mannauðskerfinu.

Fæðingarár	Aldur á árinu 2020	Fjöldi	Hlutfall af heildarfjölda
1950	70 ára	201	0,9%
1951	69 ára	226	1,0%
1952	68 ára	299	1,3%
1953	67 ára	394	1,7%
1954	66 ára	407	1,8%
1955	65 ára	465	2,0%
1956	64 ára	496	2,2%
1957	63 ára	496	2,2%
1958	62 ára	538	2,4%
1959	61 ára	500	2,2%
1960	60 ára	505	2,2%
1961	59 ára	510	2,2%
1962	58 ára	498	2,2%